

**1990 nr. 54 16. maí****Lög um innflutning dýra**

**Tóku gildi 31. maí 1990.** *Breytt með:* L. 40/1996 (tóku gildi 21. maí 1996). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999). L. 175/2000 (tóku gildi 29. des. 2000). L. 142/2001 (tóku gildi 31. des. 2001). L. 153/2002 (tóku gildi 30. des. 2002). L. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). Bbl. 103/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003). L. 116/2003 (tóku gildi 12. nóv. 2003). L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006). L. 128/2005 (tóku gildi 30. des. 2005). L. 141/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 118/2009 (tóku gildi 29. des. 2009). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2013). L. 48/2015 (tóku gildi 14. júlí 2015). L. 113/2015 (tóku gildi 1. júlí 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

**Búfé:** [Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker [ráðherra]<sup>1)</sup> úr.]<sup>2)</sup>

...<sup>3)</sup>

**Dýr:** Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

**Einangrunarstöð:** [Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska [auk svína [og nautgripa]<sup>4)</sup> og erfðaeftis þeirra].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

**[Eldisstöð:** Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.]<sup>5)</sup>

**Erfðaefti:** Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjógvað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

**[Fagråd:** Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsókn- um, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.]<sup>3)</sup>

**[Gæludýr:** Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.]<sup>2)</sup>

**Sóttvarnadýralæknir:** [Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.]<sup>3)</sup>

**Sóttvarmastöð:** Staður þar sem dýr og erfðaefti eru geymd meðan rannsakad er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

**Umsjónardýralæknir:** Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 141. gr. <sup>2)</sup> L. 141/2007, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 48/2015, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 116/2003, 5. gr.

**■ 2. gr.**

□ Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefti þeirra. [Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.]<sup>1)</sup>

□ [Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem [ráðherra]<sup>2)</sup> setur að fengnum umsögnum [Matvælastofnunar],<sup>3)</sup> fisksjúkdómanefndar, [Hafrannsóknastofnunar]<sup>4)</sup> og erfðanefndar landbúnaðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu [Matvælastofnunar]<sup>3)</sup> á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt, að fengnu vísindalegu álitu [Hafrannsóknastofnunar],<sup>4)</sup> að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.]<sup>5)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaeftis, [sbr. þó 4. gr. a]<sup>6)</sup> [og 3. mgr. 13. gr.],<sup>7)</sup> enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

□ Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust löggað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísnum skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

<sup>1)</sup> L. 164/2002, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 141. gr. <sup>3)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>4)</sup> L. 113/2015, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 116/2003, 6. gr. <sup>6)</sup> L. 141/2007, 2. gr. <sup>7)</sup> L. 118/2009, 1. gr.

**■ 3. gr.**

□ Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaeftis skal hann skila rökstuddu álitu um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisfyrildum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 2. gr.

**■ 4. gr.**

□ Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefti þess er veitt skal ráðherra leita álits [fagráðs]<sup>1)</sup> í viðkomandi búgrein og skal [það]<sup>1)</sup> meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal [fagråd]<sup>1)</sup> gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

□ Nefndin<sup>2)</sup> getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 3. gr. <sup>2)</sup> Á væntanlega að vera fagråd.

**■ [4. gr. a.**

□ Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaefti þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

□ Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaeftis fyrir innflutning.

□ Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaefti úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2007, 3. gr.

**■ 5. gr.**

□ [Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal ráðherra afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. Til slíks innflutnings skal jafnframt afla leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um náttúruvernd.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2013, 95. gr.

**■ 6. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> [hefur eftirlit með og ber ábyrgð á]<sup>2)</sup> innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. [Á sama hátt hefur það eftirlit með]<sup>2)</sup> framræktun kynja sem inn verða flutt, en [ráðherra]<sup>1)</sup> er þó heimilt að fela hana einstökum [búgreinasamböndum]<sup>2)</sup> eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi [fagráð]<sup>2)</sup> með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tíma- mörkum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 141. gr. <sup>2)</sup> L. 175/2000, 4. gr.

**■ 7. gr.**

□ [Vegna innflutnings á dýrum og erfðafni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.]<sup>3)</sup>

□ ...<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 141. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 5. gr. <sup>4)</sup> L. 128/2005, 1. gr.

**■ 8. gr.**

□ Þegar dýr eða erfðafni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvíska, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup> [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal setja reglur samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 141. gr.

**■ 9. gr.**

□ [Einangra skal öll innflutt dýr og erfðafni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.]<sup>2)</sup>

□ [Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> ræður sérstaklega til þeirra verka. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.]<sup>3)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>4)</sup> setur, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> reglugerð<sup>5)</sup> um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindis-

bréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2003, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 126/2011, 141. gr. <sup>5)</sup> Rg. 432/2003.

**■ 10. gr.**

□ Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðafni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

□ Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðafnis getur [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> heimilað að dýr eða erfðafni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

**■ 11. gr.**

□ Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi [fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 7. gr.

**■ 12. gr.**

□ Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjáarkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísu, skulu valin af ráðunautum [Bændasamtaka Íslands]<sup>1)</sup> í viðkomandi búgrein og skal [Matvælastofnun eða fulltrúi hennar]<sup>2)</sup> ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjáarkyni með innflutta kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðareriðleikar eða skapgerðargallar.

□ Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjáarkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur [Bændasamtaka Íslands]<sup>1)</sup> og/eða viðkomandi [fagráð]<sup>3)</sup> ástæðu til.

<sup>1)</sup> L. 40/1996, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 8. gr.

**■ 13. gr.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er [ráðherra]<sup>1)</sup> heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum, [fiska og erfðafnis þeirra, svo og svína og erfðafnis þeirra [og erfðafnis holdanautgripa]<sup>2)</sup> frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum]<sup>3)</sup> á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. ...<sup>2)</sup> Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

□ [Innflutt erfðafni [svína og holdanautgripa]<sup>2)</sup> má ekki flytja úr einangrunarstöð, [sbr. þó 3. mgr.]<sup>4)</sup> [Svín og holdanautgripa]<sup>2)</sup> sem vaxið hafa af innfluttu erfðafni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.]<sup>5)</sup>

□ [Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði og erfðafni holdanautgripa að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn erfðafnis og dýra sem vaxið hafa af innflutta erfðafninu á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta erfðafnið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða Matvælastofnun (yfirdýralæknir) telur smitsjúk-

dómahættu af erfðæfninu eða dýrum sem vaxið hafa af því af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið, eyða erfðæfninu og lóga dýrunum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 141. gr.<sup>2)</sup> L. 48/2015, 2. gr.<sup>3)</sup> L. 153/2002, 1. gr.<sup>4)</sup> L. 118/2009, 2. gr.<sup>5)</sup> L. 141/2007, 4. gr.

#### ■ 14. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrir en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 141. gr.

#### ■ 15. gr.

□ Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðæfnis þaðan. Rekstrar- aðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> í einu og öllu.

□ Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

#### ■ 16. gr.

□ Heimilt er að geyma djúpfrost sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup> Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrirmælum viðkomandi [fagráðs].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.<sup>2)</sup> L. 175/2000, 9. gr.

#### ■ [17. gr.]<sup>1)</sup>

□ Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi [fagráðs]<sup>2)</sup> að nota frekar það erfðæfni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr.<sup>2)</sup> L. 175/2000, 9. gr.

#### ■ [18. gr.]<sup>1)</sup>

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>2)</sup> ef miklar sakir eru.

□ Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðæfni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðæfnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr.<sup>2)</sup> L. 82/1998, 196. gr.

#### ■ [18. gr. a.]

□ Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald sem ekki er

hærra en raunkostnaður til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar,

b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. kostnaði af aðstöðu, áhöldum, búnaði, þjálfun og ferðalögum, svo og tengdum kostnaði,

c. kostnaði við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

□ Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber innflytjandi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að vottorð frá viðurkenndum kynbótábúum eða sæðingarstöðvum liggja fyrir.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar Matvælastofnunar og skal hann gefa út gjaldskrá að fengnum tillögum stofnunarinnar. Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

□ Gjald skv. 1. mgr. skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi. Innheimta má gjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjaldddaga fram að greiðsludegi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2015, 3. gr.

#### ■ [19. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur reglugerð<sup>3)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>4)</sup> og [Bændasamtaka Íslands].<sup>5)</sup>

□ ...<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr.<sup>2)</sup> L. 126/2011, 141. gr.<sup>3)</sup> Rg. 27/1970 (um sótkví og einangrun á innfluttum minkum). Rg. 290/1980 (um varnir gegn hundaeði). Rg. 859/2002 (um innflutning loðdýra). Rg. 432/2003 (um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr). Rg. 527/2003 (um sýnatökuaetlanir o.fl. (fisksjúkdómar)). Rg. 935/2004 (um innflutning gæludýra og hundasæðis), sbr. 817/2005. Rg. 151/2005 (um varðveislu og nýtingu erfðauðlinda í landbúnaði). Rg. 447/2005 (um lágmarksráðstafanir innan EES-svæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum), sbr. 710/2006. Rg. 449/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum), sbr. 712/2006. Rg. 985/2005 (um fiskeldisstöðvar). Rg. 739/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum). Rg. 1254/2008 (um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum), sbr. 936/2014. Rg. 489/2010, sbr. 478/2017 og 421/2019. Rg. 560/2010 (um innflutning á djúpfrostu svínasæði), sbr. 657/2010 og 1012/2018. Rg. 168/2011 (um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja), sbr. 1010/2011, 661/2012, 142/2013, 389/2014, 169/2015, 317/2017 og 422/2019. Rg. 1043/2011 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og dýraafurðum í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins). Rg. 1077/2011 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu). Rg. 30/2012 (um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra). Rg. 346/2012 (um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar ráðstafanir til að hamla gegn aukinni dánartíðni hjá ostrum af tegundinni *Crassostrea gigas*). Rg. 522/2012 (um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og innflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis). Rg. 570/2012 (um kröfur um heilbrigði dýra og manna vegna viðskipta með afurðir innan Evrópska efnahagssvæðisins og innflutning afurða frá ríkjum utan svæðisins), sbr. 760/2012. Rg. 763/2012 (um breytingar á skrá yfir sóttvarnastöðvar vegna fiskeldisdýra). Rg. 119/2013 (um sýnatöku- og greiningaradferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist lindýrasjúkdómanna *Bonamia ostreae* (Bonamia ostreae) og *Marteilia refringens*). Rg. 220/2013 (um ráðstafanir til að takmarka áhrif tiltekinnna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum). Rg. 221/2013 (um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaraetlanir og sjúkdómalausna stöðv ríkja,

svæða og hólfa). Rg. 271/2013 (um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar). Rg. 272/2013 (um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB). Rg. 273/2013 (um kröfur varðandi sótkví fyrir lagareldisdýr). Rg. 390/2014 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti eða villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkanímum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir), sbr. 424/2019. Rg. 560/2014 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfa, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir), sbr. 840/2014, 480/2015, 707/2015, 811/2015, 1031/2015, 188/2016, 259/2016, 915/2016, 906/2017, 1076/2018, 277/2019 og 425/2019. Rg. 808/2014 (um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína), sbr. 483/2017. Rg. 907/2014 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/

2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir), sbr. 958/2014, 569/2015, 186/2016, 231/2017, 86/2018, 426/2019 og 820/2019. Rg. 850/2015 (um innflutning erfðaeftnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva), sbr. 933/2016. Rg. 540/2016 (um búffársæðingar og flutning fósturvísa). Rg. 315/2017 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014 um fyrirmynd að vottorði fyrir viðskipti með óflegin stór villt veiðidýr). Rg. 811/2018 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/700 um breytingu á skráum yfir starfsstöðvar í þriðju löndum, þaðan sem heimilt er að flytja inn tiltekna afurðir úr dýrarkinu, að því er varðar tiltekna starfsstöðvar í Brasilíu).<sup>4)</sup> L. 167/2007, 70. gr.<sup>5)</sup> L. 40/1996, 2. gr.<sup>6)</sup> L. 76/2005, 29. gr.

■ [20. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr.